



**Ræða  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í kvöldverði til heiðurs  
forseta Lettlands,  
forseta Litháens og  
forseta Eistlands**

**Bessastöðum  
25. ágúst 2022**

Virðulegu forsetar Lettlands, Litháens og Eistlands,  
makar forseta og utanríkisráðherrar Eyrstrasaltslandanna,  
forseti Alþingis, forsætisráðherra,  
aðrir ráðherrar, heiðruðu gestir.

Fyrir hönd okkar Elizu og allra landsmanna býð ég ykkur velkomin til Íslands,  
ágætu forsetahjón, og allt ykkar föruneysi. Ég vona að mér sé óhætt að segja að  
samband þjóða okkar sé einkar sterkt og náíð. Við teljumst til smárikja á  
alþjóðavettvangi og finna má stóra, sameiginlega stiklu í sögu okkar – fullveldi  
árið 1918. En síðan skildi leiðir. Síðasta öld reyndist okkur Íslendingum farsæl  
að flestu leyti. Öðru máli gegndi á ykkar heimaslóðum, kæru gestir.

En svo birti til. Fyrir ári hugðumst við minnst þess að þrjú áratugir voru  
liðnir frá endurheimt fulls sjálfstæðis ríkja ykkar. Heimsfaraldurinn setti strik í  
reikninginn en nú erum við saman komin hér á Bessastöðum, kæru vinir. Okkur  
Íslendingum þykir vænt um að hafa náð að styðja ykkur í sjálfstæðisbaráttu  
ykkar. En mestur er heiður ykkar. Mestur er heiður þeirra sem börðust gegn  
ofríki og kúgun.

Nú eru rúm þrjátíu ár liðin, rúm þrjátíu ár af sjálfstæði, rúm þrjátíu ár  
frelsis og framfara. Íbúar landa ykkar geta ferðast að eigin vild, jafnvel skotið  
rótum annars staðar um lengri eða skemmri tíma eins og við vitum svo vel og  
njótum góðs af hér á Íslandi. Undir eigin þjóðfána hafa Eistar, Lettar og Litháar  
látið að sér kveða á vettvangi menningar og mennta, og á vettvangi íþróttá og

lista. Þannig hafa eistneskir og lettneskir söngvar borið sigur úr bítum í Eurovision en við, Litháar og Íslendingar, bíðum enn í voninni.

Drögum ekki dul á að frá sjálfstæðisheimt hafa ýmsar áskoranir og ýmis vandamál mætt á íbúum Eistlands, Lettlands og Litháens. Innrás Rússlands í Úkraínu sýnir enn fremur að við verðum ætíð að vera á varðbergi, að lýðræðisríki þurfa að standa saman. En nú fögnum við vináttu fyrri ára og staðfestum um leið vilja til samstarfs um ókomna tíð.

Kæru vinir: Ég bið ykkur öll að lyfta glösum til heiðurs forseta Lettlands, Litháens og Eistlands, og til heilla vináttu þjóða okkar.